



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

<p>Fundargerð 1. Fundar Farsældarráðs Suðurlands, haldinn 4.mars 2026 kl. 13:30 á Teams</p>
--

Mætt: Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Silja Rós Guðjónsdóttir, Erna Harðar Solveigardóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Ólafur Örn Oddsson, Karl Hallgrímsson, Elín Einarsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir, Gunnlaug Hartmannsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Matthildur E. Vilhjálmsdóttir, Kristín Hreinsdóttir, Guðjón Ragnar Jónasson, Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, Dagný H. Hróbjartsdóttir, Ágústa Margrét Arnardóttir, Eva Karen Friðriksdóttir, Svava Davíðsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir (varamaður Baldvinu Ýrar Hafsteinsdóttur), Arndís Bára Ingimarsdóttir, Hekla Jóhannesdóttir (varamaður Arndísar Soffíu Sigurðardóttur, Eyrún Hafþórsdóttir (varamaður Jóhönnu Hjartardóttur) og Arna Ír Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kynningarhringur

Farsældarráðsfulltrúar kynna sig og hvaðan þeir koma.

2. Kosning formanns og varaformanns

Verkefnastjóri leggur til að Heiða Ösp Kristjánsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs Svf. Árborgar verði formaður og Silja Rós Guðjónsdóttir deildarstjóri velferðarþjónustu Vestmannaeyjabæjar verði varaformaður sem er samþykkt samhljóða.

3. Gögn vegna stofnunar Farsældarráðs Suðurlands

Verkefnastjóri leggur fram eftirfarandi gögn vegna stofnunar Farsældarráðs á Suðurlandi:

- Samstarfsyfirlýsingu um svæðisbundinn samráðsvettvang
- Skipurit Farsældarráðs Suðurlands
- Erindisbréf fyrir Farsældarráð Suðurlands
- Starfsreglur Farsældarráðs Suðurlands
- Samskiptasáttmáli Farsældarráðs Suðurlands

Farsældarráðsfulltrúar gera ekki athugasemdir við framlögð gögn.

4. Töluleg gögn úr íslensku æskulýðsrannsókninni

Ragný Þóra Guðjohnsen dósent við HÍ og faglegur stjórnandi ÍÆ kemur inn á fundinn og kynnir megin niðurstöður úr Íslensku æskulýðsrannsókninni fyrir Suðurland (sjá glærur). Verkefnastjóri mun taka saman helstu niðurstöður og setja á sameiginlegt teams svæði farsældarráðsins.

5. Vinnan framundan

Verkefnastjóri fer yfir verkefni og hlutverk farsældarráðs og vinnuna framundan (sjá glærur). Megin verkefni ráðsins er að vinna að svæðisbundinni forgangsriðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára.

Skoða þarf sérstaklega í glærunum „heimaverkefni“ fyrir næsta fund; hverjar eru stærstu áskoranir barna sem fulltrúar í ráðinu upplifa sem þjónustuveitendur, hvaða ákall er til annarra þjónustuveitenda og hvaða tækifæri felast í aukinni samvinnu í gegnum farsældarráðið.

6. Tillaga um skipan í framkvæmdahóp Farsældarráðs Suðurland

Í skipuriti farsældarráðs er gert ráð fyrir að framkvæmdahópur verði starfandi samhliða Farsældarráðinu. Til að tryggja markvissa innleiðingu ákvarðana Farsældarráðs er lagt til að ráðið tilnefni sérstakan framkvæmdahóp. Hópurinn myndi starfa í umboði ráðsins og gegna lykilhlutverki í að brúa bil milli stefnumótunar og framkvæmdar.

Framkvæmdahópurinn framfylgir ákvörðunum ráðsins í samstarfi við verkefnastjóra farsældar og viðeigandi þjónustuveitendur. Framkvæmdahópi væri falið mikilvægt hlutverk í kortlagningu og greiningu á svæðisbundnum styrkleikum og áskorunum á málefnasviði ráðsins. Hópurinn yrði samsettur af um 10 einstaklingum, einum frá hverju velferðarþjónustusvæði ásamt fulltrúum frá þjónustuveitendum ríkisins. Tillagan er samþykkt.

7. Næsti fundur

Lagt er til að næsti fundur ráðsins verði haldinn 9.apríl kl. 13:30.

Arna ír Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri Farsældarráðs Suðurlands.